

Sp. 939. Tillaga til þingsályktunar [365. mál]

um sölu Gullaugans, Áburðarverksmiðjunnar og Bændahallarinnar.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson, Eiður Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að selja Gullaugað og Áburðarverksmiðjuna og hlutast til um sölu Bændahallarinnar-Hótel Sögu í samráði við bændasamtökin. Hreinum söluhagnaði verði varið til styrktar landbúnaðinum eftir ákvörðun Alþingis.

Greinargerð.

Upplýst hefur verið að ríkið sé eigandi Gullaugans, húsnæðis þess sem Grænmetisverzlunin hagnýtir og leigir út. Ljóst er að ríkið hefur ekkert með þetta húsnæði að gera. Hið sama er að segja um Áburðarverksmiðjuna sem á í hörmulegum rekstrarerfiðleikum sem einkum stafa af því að hún hefur lánað framleiðsluvöru sína langtímum saman og tekið rekstrarlán í dollurum. Þessi fyrirtæki á ríkið að selja og eðlilegt er að andvirðið renni til bænda eftir nánari ákvörðun Alþingis. Að því er Áburðarverksmiðjuna varðar væri eðlilegast að stofna um hana almenningshlutafélag og selja bændum hlutabréfin.

Eignar- og yferráðaréttur Hótel Sögu er flóknara mál sem skoða þarf nánar, en við lauslega yfirsýn virðist eðlilegast að stofna um fyrirtækið almenningshlutafélag og afhenda bændum hlutabréfin þannig að þeir gætu selt þau öðrum.

Tillagan miðar þannig að þeim tvíþætta árangri að draga úr ríkisumsvifum og treysta fjárhag bænda, sem eiga í miklum erfiðleikum, og auðvelda þeim að mæta breyttum aðstæðum.